

Enn fremur getur nefndin bundið skömmtunarleyfi því skilyrði, að hún geti **83**
 hvenær sem er látið trúnaðarmenn sína rannsaka, hversu langt byggingum og öðrum **11. ágúst**
 mannvirkjum sé komið til þess að meta, hversu mikið efni hafi verið í þær notað.
 Er þá hlutaðeigendum skylt að láta trúnaðarmönnum nefndarinnar í té allar upp-
 lýsingar og aðstoð til þess að slík rannsókn geti farið fram.

12. gr.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum þessarar reglugerðar, sker fjár-
 hagsráð úr.

13. gr.

Hver sá, sem tregðast við að senda viðskiptanefnd fyrirskipaðar skýrslur sam-
 kvæmt reglugerð þessari, skal sæta 20—200 kr. dagsektum. Má ákveða þær með
 ábyrgðarbréfi til hlutaðeiganda.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og reglum settum samkvæmt þeim,
 varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða ef brot er ítrekað, má svipta
 sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna sam-
 kvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 11. ágúst 1947.

Emil Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

REGLUGERÐ

84

17. ágúst

um takmörkun á sölu, dreifingu og tollaafgreiðslu nokkurra vörutegunda.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 70 1947, svo og laga nr. 37 1939 og
 laga nr. 59 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Frá og með deginum í dag er fyrst um sinn, unz öðruvísi verður ákveðið, bannað
 að tollafgreiða hvers konar vefnaðarvöru, búsaðhöld, hreinlætisvörur og kornvörur.

2. gr.

Engin heildsöluverzlun eða iðnfyrirtæki má, unz öðruvísi verður ákveðið, selja
 eða afgreiða neina þeirra vörutegunda, er um ræðir í 1. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. um
 kornvörur, ef sérstaklega stendur á.

3. gr.

Viðskiptanefnd getur ákveðið með auglýsingu, að smásöluverzlunum sé bannað
 að afgreiða til viðskiptamanna sinna nema tiltekið magn eða verðmæti af framan-
 greindum vörum og sé þeim jafnframt skylt að skrá sérstaklega þau viðskipti eftir
 reglum, sem viðskiptanefnd auglýsir.

4. gr.

Viðskiptanefnd skilgreinir með auglýsingu nánar, hvaða vörur falli undir 1. gr.

84

17. ágúst

Viðskiptanefnd getur fyrirskipað birgðatalningu á framangreindum vörum, hvenær sem hún telur ástæðu til, og er henni heimilt án dómsúrskurðar að láta rannsaka birgðir verzlana og iðnfyrirtækja og einstakra manna af þeim.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og reglum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða ef brot er ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 17. ágúst 1947.

Emil Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

85

13. ágúst

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 159 18. sept. 1940,
um sölu og úthlutun á matvörutegundum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939 og lögum nr. 59 7. maí 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Frá og með 14. ágúst 1947 er bannað að selja hvers konar kaffi, nema gegn seðlum, sem út eru gefnir að tilhlutun ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Allir, sem verzla með framangreinda vöru, skulu fyrir 16. ágúst gefa skýrslu um birgðir sínar, eins og þær voru, er viðskipti hófust að morgni 14. ágúst. Í Reykjavík skal skila birgðaskýrslum til Skömmtunarskrifstofu ríkisins, en utan Reykjavíkur til oddvita eða bæjarstjóra, sem síðan senda skrifstofunni skýrslurnar. Viðskiptanefnd ákveður með auglýsingu lengd úthlutunartímabils og magn það, er úthlutað er hverjum einstaklingi.

Að öðru leyti fer um skömmtun þessa og brot á reglugerðinni eftir ákvæðum reglugerðar nr. 159 1940 og síðari breytingum á þeirri reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 13. ágúst 1947.

Emil Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.